

**REGLUGERÐ****24**

12. apríl

um viðauka við reglugerð, um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í  
Siglufjarðarkaupstað, frá 28. júlí 1931.

Aftan við 14. grein reglugerðarinnar komi ný málsgrein svohljóðandi:  
Óheimilt er skipuð á Siglufjarðarhöfn að taka vatn annarsstaðar í Siglu-  
firði en úr æðum vatnsveitu Siglufjarðar.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið, stað-  
festist hér með til þess að öðlast gildi 1. maí þ. á. og birtist til eftirbreytni öll-  
um þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið 12. apríl 1933.*

**Þorsteinn Briem.**

*Páll Pálmason.*

**REGLUGERÐ****25**

12. apríl

fyrir vatnsveitu Akureyrarkaupstaðar.

## 1. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna snerta, felur bæjarstjórn þriggja  
manna nefnd úr flokki sínum.

## 2. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem virt eru til fast-  
eignaskatts og vatni er veitt í, eða standa svo nærri vatnsæðum, að þær séu not-  
hæfar til eldvarna, skal greiða vatnsskatt, enda eiga húseigendur rétt á að fá  
vatnsæð lagða að húsvegg, ef íbúð er í húsinu. Skatturinn skal lagður á eftir  
hinni lögskipuðu fasteignamatsvirðingu húsanna, að undanskildu virðingarverði  
lóðanna. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu  
eru, ef þær eru váttryggðar ásamt því.

## 3. gr.

Húsum kaupstaðarins skal skipt í flokka, til skatts, sem hér segir:

## 1. flokkur.

Allar byggingar, sem engar íbúðir eru í:

Af fyrstu 10,000 kr. virðingarverðsins .....	2‰
— næstu 10,000 kr. virðingarverðsins .....	1,7‰
— því sem fram yfir er 20,000 kr. virðingarverðs .....	1,1‰

## 2. flokkur.

Hús, sem aðeins er 1 íbúð í: